

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Aðaldælahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Aðaldælahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	kr. 8.000
Sumarbústaðir	kr. 3.200
Fyrirtæki í flokki 1	kr. 13.400
Fyrirtæki í flokki 2	kr. 26.700
Fyrirtæki í flokki 3	kr. 32.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og samþykkt af sveitarstjórn Aðaldælahrepps á fundi hennar 2. desember 2003.

Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Aðaldal, 17. mars 2004.

Ólína Arnkelsdóttir oddviti.